

Ályktun sambandsþings LUF

Landssamband ungmennafélaga (LUF) krefst viðbragða við stöðu ungs fólks

Undanfarin ár hefur LUF bent á stefnuleysi í málefnum ungs fólks hér á landi og þá staðreynd að Ísland sé eitt fárra Evrópuríkja sem ekki hefur sett sér opinbera stefnu í málaflokknum, þ.e. „National Youth Policy“. Eftir að heimsfaraldur kórónuveiru skall á hafa afleiðingar stefnuleysisins komið skýrt fram. Áhrif faraldursins teygja sig langt og hefur hann umturnað lífi margra en eins og töluleg gögn bera með sér hafa áhrifin komið hvað verst niður á ungu fólki.

Nærri helmingur allra atvinnulausra hér á landi er ungt fólk undir 35 ára aldri samkvæmt tölum Vinnumálastofnunar, eða tæplega 12.000 manns.¹ Ef tekið er tillit til námsmanna sem hafa misst störf er talan enn hærri því námsmenn hafa ekki rétt til atvinnuleysisbóta og eru því ekki á skrá hjá Vinnumálastofnun.² Þá benda rannsóknir til þess að viðvarandi atvinnuleysi ungs fólks geti haft langvinn neikvæð áhrif á starfsmöguleika og tekjur.³ Enn fremur vill LUF vekja athygli á því að faraldurinn og atvinnuleysi í kjölfar hans bitnar enn harðar á ungmennum með fatlanir og öðrum jaðarsettum hópum, þar sem atvinnutækifæri þeirra eru þegar af skornum skammti auk þess sem faraldurinn hefur haft neikvæð áhrif á námsframvindu þessarar hópa. Hvetur LUF stjórnvöld til að mæta þörfum þeirra sérstaklega.

Hér á Íslandi birtist vandinn meðal annars í bágri stöðu fjölda námsmanna en stjórnvöld hafa ekki komið til móts við tekjulaust fólk í námi eða námshléi. Horfa þarf einnig til þess að 72% háskólanema á Íslandi segjast ekki hafa efni á því að stunda nám án vinnu með skóla.⁴ Samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar EUROSTUDENT VII er það hæsta hlutfallið í Evrópu. Af þessu má ráða að óskert framfærsla MSN upp á tæplega 190 þúsund krónur á mánuði dugi ekki til að framfleyta námsmönnum. Þótt fulltrúar ríkisstjórnarinnar fari fögrum orðum um menntun og mikilvægi hennar þá hefur ríkisstjórnin hingað til setið aðgerðarlaus varðandi alvarlegan fjárhagsvanda fjölda stúdenta.

Ungt fólk kom hvað verst út hvað varðar einmanaleika mánuðina á eftir fyrstu bylgju faraldursins þótt almennt virðist Íslendingum ekki hafa liðið verr.⁵ Jafnframt hefur Efnahags- og framfarastofnunin (OECD) bent á að COVID-19 faraldurinn ógni verulega menntun, atvinnu og geðheilsu ungs fólks.⁶ Ungt fólk og komandi kynslóðir eigi eftir að finna fyrir langvarandi afleiðingum kórónukreppunnar og hætt sé við að ráðamönnum láist að milda þessi áhrif vegna áherslu á aðgerðir til skemmri tíma.⁷ Að auki hefur lýðræðisleg þáttaka ungs fólks verið að miklum hluta fólgin í grasrótahreyfingum og

¹ Sjá: <https://vinnumalastofnun.is/maelabord-og-tolulegar-upplýsingar/atvinnuleysi-tolulegar-upplýsingar/atvinnuleysistolur-i-excelskjolum>

² Sjá: <https://kjarninn.is/frettir/2020-10-26-naer-helmingur-atvinnulausra-er-undir-35-ara/>

³ Sjá til dæmis

<https://www.oecd-ilibrary.org/docs/server/5kmh79zb2mmv-en.pdf?expires=1606320816&id=id&accname=guest&checksum=718CEC8FC78D0CAAB3D3EF598954ABC0> og <http://ftp.iza.org/dp4705.pdf>

⁴ Sjá (bls. 15):

https://www.eurostudent.eu/download_files/documents/Eurostudent_brochure_WEB.pdf?fbclid=IwAR3uuowsVHvrWnodbYM1VVMmK0BKDCSjgTCTeJC2x1coNkAvSUKCU3X-Og

⁵ Sjá: <https://www.landlaeknir.is/um-embattid/frettir/frett/item43191/nvr-talnabrunnur-er-kominn-ut> – Sjá einnig:

<https://www.youtube.com/watch?v=tZn0rrENPGg>

⁶ Sjá: <https://www.oecd.org/coronavirus/policy-responses/youth-and-covid-19-response-recovery-and-resilience-c40e61c6/>

⁷ Sjá: <https://www.oecd.org/coronavirus/policy-responses/youth-and-covid-19-response-recovery-and-resilience-c40e61c6/>

mótmælaviðburðum sem fallið hafa niður vegna veirunnar. Þar má sérstaklega nefna umræðuna um loftslagsmál en þátttaka ungmenna í baráttunni hefur verið leið margra til að kljást við loftslagskvíða.⁸

Þessi alvarlega staða ungs fólks í ljósi kórónufaraldursins og kreppunnar sem hefur skapast í kjölfarið kallar á sértækar aðgerðir. Undirrituð telja óhjákvæmilegt að stjórnvöld setji tafarlaust fram raunhæfa áætlun um hvernig skuli komið til móts við líðan ungs fólks, draga úr atvinnuleysi og fjölga störfum. Í ljósi stöðnunar í hagkerfinu er þetta eitt allra stærsta einstaka hagsmunamál íslensks vinnumarkaðar þar sem áframhaldandi atvinnuleysi ungs fólks fylgja óafturkræf áhrif.

Samþykkt á Sambandsþingi LUF, 27. Febrúar 2021.

⁸ Sjá: Nairn, K. (2019). Learning from Young People Engaged in Climate Activism: The Potential of Collectivizing Despair and Hope. <https://journals.sagepub.com/doi/abs/10.1177/1103308818817603>